

Grunnþættir menntunnar



Í aðalnámsskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011 er í fyrsta sinn gerð grein fyrir sex grunnþáttum í íslenskri menntun. Þeir eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Grunnþættirnir ná til starfshátta, inntaks og námsumhverfis og eiga að stuðla að samfelli í skólakerfinu. Þeir skulu allir speglast í daglegum verkum nemenda og kennara. Með nýrri aðalnámsskrá er dregið fram hve mikilvægu hlutverki þessir þættir gegna í skólasterfi.

Hvernig útfærir GRV grunnþætti menntunnar í starfi sínu ?

Lýðræði og mannréttindi

Skólar þurfa að taka mið af því að þátttaka í lýðræðisþjóðfélagi bíður barna og unglunga. Að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.

Helstu þættir:

Réttindi- mannréttindi, gildi og lýðræði, umhyggja og virðing, þátttaka í samfélaginu, nærsamfélagið.

- Réttindi eru höfð að leiðarljósi í verklagi skólans
- Í skólanum er unnið að eflingu þekkingar á mannréttindum. Barnasáttmáli Sp, bekkjarfundir, nemendaráð, þverfagleg trúarbragðafræðsla á fjölbreytilegan hátt, samfélagsfræði.
- Í skólanum fá nemendur tækifæri til að hafa áhrif, námsáætlanir, Uppeldi til ábyrgðar, bekkjarsáttmálar, gildi skólans, gildi í matsalnum, smiðjudagar, árshátíð.
- Nemendur fá að vinna með fjölbreytt viðfansefni, þjálfa gagnrýna hugsun og leita lausna. Smiðjudagar, framsögn, lokaverkefni í 10. Bekk, fjölgreindaleikar.
- Mikil samvinna, áhersla á að nemendur læri að vinna saman, allir hafi eitthvað fram að færa

Heilbrigði og velferð

Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan.

Skapa þarf jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Helstu þættir:

Jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði, skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

- GRV er Heilsueflandi grunnskóli.
- Í skólanum fá nemendur markvisst hreyfiuppeldi og daglega hreyfingu. Íþróttir og sund, dans og hreyfing á yngsta stigi. Hreyfing í vali á unglingsstigi.
- Íþróttakademía GRV og ÍBV.
- Nemendur kynna markvisst nærumhverfi sínu og geta nýtt sér það til ánægju í leik og starfi. T.d. er útikennsla föst í 5.bekk. Örnefnagöngur og umhverfisstígar, náttúruvísindadagar.
- Í skólanum er ávallt gott framboð á hollum mat fyrir nemendur og aðstaða til að borða nesti. Einn nestistími, helst ávextir og grænmeti.
- Í skólanum er ávallt lögð áhersla á heilsueflandi og jákvætt umhverfi þar sem nemendur og kennarar starfa saman á uppbyggjandi hátt.
- GRV vinnur eftir Uppeldi til ábyrgðar. Komið er til móts við þarfir, getu og áhugasvið nemenda.
- Stuðlað er að uppbyggingu og styrkingu jákvæðrar sjálfsmyndar nemenda og heilbrigðum samskiptum.
- Gengið er út frá því að nemendur beri ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum.
- Stuðlað er að því að nemendur átti sig á tengslum hugar og líkama og geri sér grein fyrir hvernig þeir geti stundað heilbriggt lífni til að auka lífsgæði sín.
- Í skólanum er lögð áhersla á öryggi nemenda, forvarnir og fjölbreytta fræðslu: Rýmingaráætlun, fyrirlestrar um hreyfingu, mataræði, sjálfsvitund, kynvitund, Maríta fræðsla, Blátt áfram, Dagur jákvæðra samskipta. Hjúkrunarfærðingar sjá um fræðslu á 6H heilsunnar.
- Ýmsir viðburðir sem stuðla að hreyfingu, vináttu og samvinnu: Göngum í skólann, Norræna skólahlaupið, Lífshlaupið, UNICEF áheitahlaup.

Jafnrétti

Í skólstarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.

Skapa þarf tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin foresendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Helstu þættir:

Menning, kyn, kynhneigð og kynjafræði, trúarbrögð og lífsskoðanir

- Í skólanum er stefnt að því að nemendur hafi jöfn tækifæri til náms miðað við hæfni og getu.
- Fötluðum nemendum og nemendum með sérþarfir sinnt mjög vel.
- Sambærilegar kröfur gerðar til beggja kynja.
- Gætt er að samþættingu kynjasjónarmiða í kennslu og stuðlað að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja. Jafnrétti endurspeglast í starfsháttum, s.s. kennsluaðferðum, kennsluefni, samskiptum og skólabrag.
- Í skólanum er nemendum ekki mismunað og gerðar eru kröfur til þeirra s.s. hvað varðar frágang og verkefnaskil
- Í skólanum fá nemendur oft tækifæri til að kynna sér listir, menningu og tungumál annarra þjóða. Í gegnum list- og verkgreinar, þemavinnu á miðstigi, samfélagsfræði, lífsleikni o.s.frv.
- Forarnir/fræðsla gagnvart kynbundnu -og kynferðisofbeldi.
- Skoðað er hvernig t.d. staðalmyndir, fjölmiðlar, menntunartækifæri, búseta, fötluð, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunandi tækifæri fyrir mismunandi einstaklinga.
- Námsleiðir og hlutverk sem ekki eru „dæmigerð“ fyrir stráka eða stelpur eru kannaðar og menningarbundin kynhlutverk dregin í efa m.a.í valáfanga í náms- og starfsráðgjöf

Grunnþættir menntunnar

Sjálfbærni

Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til sjálfbærni

Helstu þættir:

Lýðræðisleg vinnubrögð, virðing/gildi, fjölbreytt mannlíf /menning, vistfræði /umhverfi

- Vekja athygli barnanna á áhrifum mannsins á náttúruna. Útikennsla, að nemendur upplifi sig í náttúrunni.
- Auka skilning á hugtakinu Sjálfbærni.
- Flokkun á rusli.
- Skólinn kaupir skólagögn fyrir 1. -5 . bekk, betri nýting á gögnum.
- Efnisveita, endurvinnsla.
- Sjálfbærni er að nokkru leyti samþætt námsgreinum. Skólasamfélagið leggur áherslu á virðingu fyrir náttúru og umhverfi skólans. Að nemendur þekki, skilji og beri virðingu fyrir samfélagi sínu og náttúru og öðlist skilning á sameiginlegri ábyrgð jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar.
- Nemendum er kennt að virða þarfir annarra og að nemendur bera ábyrgð á því sem þeir segja og gera. Uppeldi til ábyrgðar.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru þjálfuð og stuðlað er að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt í samfélaginu. Smíðjudagar, góðverkasmíðja. Dagur jákvæðra samskipta þar sem nemendur fara um bæinn með verkefni.
- Fjallað er um sjálfbæra þróun m.t.t. efnahags, samfélags og umhverfis. Samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni.
- Samvinna og þátttaka nærsamfélagsins, foreldrar og heimili vinna saman. Trúabragðakennsla á miðstigi, öflugar list- og verkgreinar, útikennsla. Nemendur taka virkan þátt í viðfangsefnum í skólanum.
- Fræða nemendur um sjálfbæra þróun og hvers vegna hún er mikilvæg. Náttúrufræði.

Grunnbættir menntunnar

Sköpun

Skólar þurfa að ýta undir sköpunargleði sem stuðlar að námsáhuga barna og unglinga til að skynja merkingu viðfangsefna og gildi þeirra. Sköpun skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Helstu þættir:

Ígrundun – gagnrýnin hugsun, frumkvæði og frumleiki, sköpunargleði, ímyndunarafli, uppgötvun

- Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur ígrundi og meti eigið nám. Sjálfsmat og jafningamat. Hópverkefni og paraverkefni.
- Í skólanum fá nemendur tækifæri til að þess að efla bæði frumvæði og frumleika í verkefnum. Í Skólanum er nemendum reglulega gefið tækifæri til þess að tjá sig á frumlegan hátt og þeir vinna sjálfstætt, einir og í hópum.
- Í skólanum er nemendum gefið færi á fjórri hugsun og hæfni til að meta kosti og setja þá í samhengi. Nemendum er gefið tækifæri til sköunar og lausnaleita við fjölbreytt og margvísleg verkefni.
- List- og verkgreinar
- Lokaverkefni í 10. bekk,
- Val um skil á verkefnum.
- Smiðjudagar
- Sögurammar og föndur á yngsta stigi
- Jólaföndur
- Söngur á sal
- Þema á miðsstigi
- Landnámið og víkingahátíð í 5. bekk.
- Öðruvísi dagar
- Náttúruvísindadagar
- Starfsfræðsludagar
- Skapandi skrif í 8. og 9. bekk
- Leikrit úr Gíslasögu 10. Bekkur
- 8. – 10. Bekkur danska: leikrit og tískusýning, heimasíðugerð
- Fab lab
- Dagur íslenskrar tungu

Grunnþættir menntunnar

Læsi

Börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunarfærni og jafnframt á þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum í námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Helstu þættir:

lestrarfærni , lestrartækni , skriftar- og ritunarfærni, stafræn samskipti/læsi , miðlun – miðlalæsi, tjáning

- Í skólanum lesa nemendur fjölbreyttan texta sér til gagns, gleði og á gagnrýnan hátt. Nemendur lesa skýrt, áheyrilega og nota ólíkar áherslur við flutning texta.
- Lestrarþjálfun
- Lestrarsprettir
- Yndislestur
- Heimalestur
- Fjölbreyttar lestarraðferðir: pals, leið til læsis, kóralestur, skiptilestur o.s.frv.
- Litla – og stóra upplestarkeppni í 4. og 7. bekk
- Gerðar kröfur um læsilegan, rétt stafsettan og málfræðlega réttan texta. Fjölbreytt ritunarverkefni
- Lögð áhersla á lestur, ritun og munnlega tjáningu. Málfræði, stafsetning og bókmenntir eru fléttaðar inn í heildstæð fjölbreytt verkefni sem byggja á vönduðum textum.- t.d. Leikrit í 10. bekk. Kynningar á verkefnum. Starfsfræðsludagar í 8. og 9. bekk.
- Nemendur nota á sjálfstæðan hátt tölvur og stafræn samskiptatæki í daglegu starfi heima og sem verkfæri í skólastarfi. Nemendur læra að tileinka sér og nota tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi. Lokaverkefni í 10. bekk, spjaldtölvur, rafræn próf ofl.
- Nemendur öðlast færni og kunnáttu í miðlalæsi, fá þjálfun í að nota ýmsa miðla á skapandi hátt við efnisgerð og þekkingasköpun. Miðla á skýra og fjölbreyttan hátt upplýsingum í stuttmynd, útvarpsþætti, bækling eða á vef. Smíðjudgar, stuttmyndir í eðlisfræði, vefsíður í dönsku á unglingastigi o.m.fl.